

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2018 - 2019

Starfsár Félags íslenskra lækna ritara veturinn 2018 - 2019 var venju fremur viðburðaríkt.

Aðalfundur og námsstefna voru haldin í Reykjavík 10. apríl 2018.

Steinunn Eva Þórðardóttir frá fyrirtækinu *“Hér núna”* kenndi okkur að vera í núinu og að finna styrkleika okkar.

Að fyrirlestri Steinunnar loknum hófust svo venjuleg aðalfundarstörf félagsins þar sem fóru fram formannsskipti og breytingar urðu því á stjórn.

Út gengu Elínborg Bjarnadóttir ritari og Helena Jensdóttir meðstjórnandi.

Hólmfríður Einarsdóttir tók við stjórnartaumunum af Klöru Berglindi Gunnarsdóttur sem tók sæti ritara.

Inn komu nýjar og ferskar konur, þær Hildur Eyjólfsdóttir og Sigurbjörg Haraldsdóttir meðstjórnendur.

Að fundi loknum borðuðum við svo saman kvöldverð.

Í byrjun maí var svo komið að NOLO fundi félaga lækna ritara á norðurlöndum, en það er árlegur fundur þar sem stjórnarmeðlimir hittast.

Þegar formaður og ritari voru á NOLO fundinn á Grænlandi árið 2017 kom fram mikill vilji hjá viðstöddum að fá að koma aftur til Íslands þar sem það hefði verið svo vel tekið á móti þeim þegar þær komu á ráðstefnu og NOLO fund á Íslandi 2013. Gátum við því engan veginn skorast undan þessu.

Við fórum því fljótlega að skipulega fundinn og var ákveðið að hann yrði 3. og 4. maí 2018. Það var í mörg horn að líta en við erum sannfærðar um að þetta hafi tekist virkilega vel hjá okkur.

Við fórum í heimsókn á Endurhæfingarmiðstöðina að Reykjalundi og fengum þar leiðsögn Astridar Sörensen um starfssemi stöðvarinnar og fór hún létt með að tjá sig bæði á ensku og dönsku.

Eftir heimsóknina fórum við svo í reiðtúr á íslenskum hestum í Mosfellsbænum undir leiðsögn Helenu Jensdóttur fyrirverandi stjórnarkonu og það sló alveg í gegn.

Fundurinn sjálfur var haldinn hér í BSRB húsinu og við fengum m.a. Ylfu Edith Fenger til að koma og vera með okkur og hélt hún frábæran fyrirlestur og var einnig með hópaverkefni fyrir okkur að leysa.

Við fórum svo með hópinn út að borða og það voru mjög ánægðar stjórnarkonur sem héldu heim að loknum fundi. Það eina sem mögulega spillti fyrir var veðrið en ég held að við höfum fengið allar tegundir af íslensku veðurfari þessa tvo daga sem fundurinn stóð yfir.

En það er eitthvað sem við réðum ekki við.

Í sumar héldum við svo áfram vinnunni við að hæfnismeta nám lækna ritara sem á að taka breytingum, starfsheitið breytist í *“heilbrigðisgagnafræðingur”* og hefst nýtt fagháskólanám í HÍ haustið 2019.

Það voru nokkrir stífir vinnufundir yfir sumarið við þessa hæfnisgreiningu.

Strax í byrjun september hófust svo stjórnarstörfin að nýju og byrjuðum við á að hitta allar nefndir félagsins, hverja fyrir sig og fara yfir starfsárið. Þetta hefur okkur fundist gott start inn í vetrarstarfið.

Stjórnarfundir hafa svo verið reglulegir yfir veturinn.

Við höfum notað tæknina óspart og haldið netfundi sem ekki eru síðri vettvangur til fundahalda en hvað annað.

Það er algjörlega eitthvað sem ber að hafa í huga varðandi nefndir á vegum félagsins, þar sem við búum svo dreift um landið, að það er alls ekki nauðsynlegt að fólk geti hist augliti til auglitis, heldur er alveg mögulegt að nota netið til fundarhalda og getur fólk þess vegna verið búsett landshornanna á milli, það er engin fyrirstaða.

Ekki hafa verið haldnir venjulegir kaffihúsafundir þennan veturinn, en mæting var orðin heldur dræm og stundum aðeins stjórn + 2-3.

Við sendum út könnun í vetur til að athuga áhugann á að halda áfram með kaffihúsafundina og var ljóst að flestir vildu að þeir yrðu tveir yfir veturinn, annar fyrir áramót og hinn að vori. Við munum verða við því og höfum falið "Fræðslu- og skemmtinefndinni" að sjá um þá.

Í nóvember var svo fyrsti fræðslufundur vetrarins haldinn, en það var heimsókn í Sæbjörgu, skólaskip slysavarnarfélagsins Landsbjargar, en þar vannur Sigrún Anna Stefánsdóttir lækningaritara og tók hún á móti okkur og kynnti fyrir okkur starfsseminu þar.

Gaman var að sjá hversu fjölbreytt störf lækningaritarar geta verið og Sigrún Anna var frábær heim að sækja. Takk kærlega fyrir móttökur!

Í janúar heimsótti stjórnin Ritaramiðstöðina í Kópavogi sem er fjölmennasti vinnustaður lækningaritara. Þar kynntum við í fyrsta lagi Félag íslenskra lækningaritara þar sem fáir starfsmenn miðstöðvarinnar eru meðlimir í félaginu.

En einnig kynntum við lítillega nýtt fyrirhugað nám í heilbrigðisgagnafræði við HÍ og auglýstum í leiðinni fyrirhugaðan kynningarfund.

Fengum við virkilega góðar móttökur á Ritaramiðstöðinni.

Kynningarfundur um nýtt fagháskólanám var haldinn 24. janúar í húsi BSRB og í fyrsta skipti nýttum við okkur tæknina og streymdum fundinum svo landsbyggðin hefði tækifæri til þess að hlusta á kynninguna.

Þetta var mjög fjölmennur fundur, bæði á staðnum og sem fylgdust með á netinu.

Almennt var spenna og tilhlökkun í félagskonum að þessi langþráði draumur og barátta um að koma náminu á háskólastig væri loksins að verða að veruleika.

Við þökkum skólaneftinni enn og aftur fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu félagsins sem þær hafa lagt á sig í rúm 20 ár.

27. febrúar skrúppum við stjórnarkonur svo norður í land og heimsóttum bæði SAK, sjúkrahúsið á Akureyri og HSN, Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Þar endurtókum við kynninguna á félaginu, líkt og við gerðum á Ritaramiðstöðinni, og kynntum einnig nýja fagháskólanámið.

Fundinn sóttu nokkrir ófaglærðir ritara sem eru í störfum lækningaritara sem sýndu náminu áhuga.

Við fengum einnig virkilega góðar móttökur fyrir norðan og er þetta eitthvað sem ætti í rauninni að vera fastur punktur hjá stjórninni, að heimsækja vinnustaði og kynna félagið okkar. Mikilvægi slíkra kynninga er ótvírætt.

Við þurfum að vera duglegar að kynna félagið og krækja í nýútskrifaða lækningaritara sem mögulega eru ekki í félaginu. Kynning á félaginu ætti svo auðvitað að vera hluti af náminu í Háskólanum og við sem mögulega erum að taka að okkur nema í starfsnám þurfum einnig að

vera duglega að agitera fyrir því að þeir sem útskrifast sem heilbrigðisgagnafræðingar gangi í Félag heilbrigðisgagnafræðinga að námi loknu!

Háskóladagurinn var svo laugardaginn 2. mars þar sem nýja námið var loksins kynnt og er skemmst frá því að segja að það það fékk virkilega góðar móttökur.

Framtíðin er björt því samkvæmt Róberti Haraldssyni, sviðsstjóra kennslumála hjá HÍ hafa umsóknir farið vel af stað í nýja námið og vonandi verður það vel sótt af starfandi læknaritutum sem og nýnemum sem áhuga hafa á að takast á við nýtt og spennandi nám. Margir “eldri” og reyndari læknaritarar lögðu leið sína á Háskólatorgið þennan dag, til að sjá með eigin augum að þessi gamli draumur sé loksins orðinn að veruleika.

Við hlökkum til að takast á við þau verkefni sem framundan eru enda ýmislegt sem þarf að yfirfara og skoða í kjölfar nafnabreytingar á starfsheitinu okkar og með nýju námi.

Okkur langar að nýta þann drifkraft sem liggur í loftinu núna með nýja náminu og allan þennan meðbyr sem okkur finnst við vera að fá frá háskólanum og út í atvinnulífinu, til góðra verka í þágu félagsins.

Hvað er svo framundan?

- Nýtt starfsheiti og þá í kjölfarið, nýtt heiti á félaginu: Það gæti orðið “Félag heilbrigðisgagnafræðinga”
 - Nýtt logo - við þurfum að leggjast fljótt í þá vinnu
 - Ráðstefnan í Malmö í haust, en frekari upplýsingar um það koma inn innan skamms
- Við getum tekið frekari umræðu um þetta undir liðnum “Önnur mál”